

**Nd.**

**1173. Breytingartillaga**

[245. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1985.

Frá Kjartani Jóhannssyni og Svavari Gestssyni.

Á eftir 27. gr. komi ný gr. sem orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt á árunum 1985 og 1986 að gefa út ríkisskuldabréf, er séu verðtryggð en án vaxta, og nýta andvirði bréfanna til að flýta verkáföngum frá gildandi vegáætlun, að fengnum tillögum Vegagerðar ríkisins og samþykki fjárveitinganefndar.

Gjalddagi bréfanna er á því ári sem verk það, sem fyrir var greitt, skyldi unnið skv. vegáætlun og greiðir ríkissjóður þá nafnverð bréfanna að viðbættum verðbótum.

Ríkissjóði er heimil lántaka skv. þessari grein allt að 150 000 þús. kr. miðað við lánskjaravísitölu 1144 stig. Nánari ákvæði um lántöku þessa og gjalddaga skulu sett með reglugerð.